

Fundargerð

264. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14, föstudaginn 16. ágúst 2024, kl. 11:20.

Fundinn sátu:

Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Jón Viðar Matthíasson, Ingveldur Lára Þórðardóttir og Ástríður Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

Ásdís Kristjánsdóttir er viðstödd í fjarfundi.

1. Sex mánaða uppgjör 2024 - 2408005

Árshlutareikningur SHS samstæðu vegna tímabilsins lagður fyrir stjórn til staðfestingar.

Niðurstaða

Engar athugasemdir gerðar. Stjórn staðfestir reikninginn með undirritun.

Fylgiskjöl

SHS 264 1.1 Samstæðuárshlutareikningur 30.6.2024.pdf

2. Fjárhagsáætlun SHS 2025 - 2029 - 2405009

Fjárhagsáætlun ársins 2025 með rammaáætlun t.o.m. 2029 lögð fram til samþykktar.

Niðurstaða

Fjárhagsáætlun SHS 2025 - 2029 samþykkt og verður send aðildarsveitarfélögum. Gerð verði nánari grein fyrir áætlaðri hagræðingu í rekstri á næsta fundi.

Fylgiskjöl

SHS 264 2.1 Fjárhagsáætlun 2025-2029 Kynning.pdf

3. Aðalfundur SHS 2024 - 2402017

Lagt til að aðalfundur, sem fyrirhugaður var 4. október, verði fluttur fram til 20. september.

Niðurstaða

Tillaga samþykkt. Aðalfundur SHS verður haldinn í slökkvistöðinni í Skútahrauni föstudaginn 20. september 2024 kl. 09.30.

4. Framtíðaruppbygging SHS - 2405010

Slökkviliðsstjóri og bæjarstjóri Seltjarnarness leggja til að tímabundin staðsetning

sjúkrabifreiðar á álagstímum verði við Eiðistorg/Austurströnd.

Niðurstaða

Stjórn samþykkir tillögu um staðsetningu sjúkrabifreiðar á álagstímum. Slökkviliðsstjóra og bæjarstjóra Seltjarnarness falið að ganga frá samningum um húsnæði.

5. Hraunkæling í Svartsengi - 2408006

SHS hefur komið að verkefni á vegum almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra við hraunkælingu til að verja mannvirki og starfsemi í Svartsengi.

Niðurstaða

Kynning.

6. Önnur mál 2024 - 2401014

1. Stjórn boðið á fjölskyldudag starfsfólks SHS 31. október nk.

Niðurstaða

Kynning.

Fundi slitið kl. 12:30.

Einar Þorsteinsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Almar Guðmundsson

Ásdís Kristjánsdóttir

Þór Sigurgeirsson

Regína Ásvaldsdóttir

